



skal greiða árlegan þungaskatt til ríkissjóðs er að vali eiganda eða umráðamanns bifreiðar nemi föstu árgjaldi -- 126 000 kr. — eða gjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. þó 1. mgr. 7. gr.

- b) Af bifreiðum 3 700 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd skal greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. þó a-lið þessarar greinar og ákvæði 7. gr.

#### 6. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvikur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá, hvað skattinn snertir, telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

#### 7. gr.

Ökumælar skulu settir á kostnað eigenda í bifreiðar þær sem þungaskatt ber að greiða af fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 5. gr. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð fjárhæð gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli og má gjaldið vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Þrátt fyrir ákvæði a-liðs 5. gr. er ráðherra heimilt að ákveða að ökumælar skuli settir í bifreiðar til ákveðinna nota enda þótt þær séu undir 3 700 kg að leyfðri heildarþyngd.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglingu og viðgerðir. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um áætlun á þungaskatti sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt getur hann heimilað að bifreið sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í hana á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreiðina til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er ennfremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanyting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ákveða má í reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd). Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga, innheimtu og áætlun þungaskatts. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að heimilt sé að taka festi- og tengivagna úr umferð sé mælir ekki settur í þá á tilskildum tíma eða ekki komið með þá til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### 8. gr.

Gjalddagar árgjalds skv. a-lið 5. gr. eru tveir. Gjaldfellur hálf árgjaldið 1. janúar ár hvert en hinn helmingurinn 1. apríl. Eindagi er tveimur mánuðum eftir gjalddaga. Sé fyrri helmingur gjaldsins eindagaður vegna vanskila fellur allt gjaldið í eindaga. Árgjald skal innheimt fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Ákveði eigandi eða umráðamaður bifreiðar, sem greitt hefur skatt fyrir hvern ekinna kílómetra, að greiða fast árgjald skal hann láta lesa á öikumæli bifreiðarinnar, greiða gjöld í samræmi við álestur að fullu og láta eftirlitsmann með mælunum rjúfa innsigli á öikumæli. Fyrir hvern mánuð, sem þá er eftir gjaldárs, skal greiða 1/12 árgjalds.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt.

Velji eigendur jeppabifreiða að greiða fast árgjald skv. a-lið 5. gr. eiga þeir rétt á endurgreiðslu á helmingi árgjalds skv. 5. gr., sanni þeir með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

#### 9. gr.

Innheimtu bensingjalds, gúmmígjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensingjald og gúmmígjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

#### 10. gr.

Við aðalskoðun ökutækis ár hvert skal eigandi þess eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af því allur sá þungaskattur sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á ökutækinu, taka af því skráningarmerki og afhenda lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda skráningarmerki aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning ökutækis skal ekki fara fram nema árgjald af ökutækinu skv. a-lið 5. gr. sé greitt til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um að ræða þungaskatt samkvæmt öikumæli.

Sé ekki komið með ökutæki til skoðunar eða gjöld af því ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, stöðva ökutækið hvar sem til þess næst og taka merki þess til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur hefur lögtaksrétt og skal ökutækið vera að veði fyrir gjöldum þessum. Skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

#### 11. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

#### 12. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum skal auk þeirra tekna sem aflað verður samkvæmt ákvæðum laga þessara veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert skal ríkissjóður gefa út happdrættis-skuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegjar um landið. Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þessi með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Um framtals- og skattfrelsi þessara bréfa fer eftir ákvæðum laga nr. 7/1974, sbr. lög nr. 99/1971.

13. gr.

Með gildistöku laga þessara eru felld úr gildi lög nr. 79 6, september 1974.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Við gerð vegáætlunar 1975 var gert ráð fyrir að árlegar tekjur vegasjóðs ykjust um 175 milljónir króna. Þessum tekjum skyldi náð með því að setja gjaldmæla í allar dísilbifreiðar, sem væru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, svo og festi- og tengivagna. Einnig skyldu settir öikumælur til gjaldákvörðunar í dísilknúnar leigubifreiðar til fólksflutninga. Nú þegar hafa verið settir mælur í flestar þær bifreiðar og vagna sem eru yfir hinum tilskildu mörkum en frestur var þó veittur á ísetningu mæla í leigubifreiðar til fólksflutninga og sendibifreiðar.

Við athugun á bifreiðaskrá hefur komið í ljós að nokkrar sendibifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín, ná ekki 4 000 kg leyfðri heildarþyngd og er þungi þeirra á bilinu 3 700—4 000 kg. Ekki þykja efni til að mismunandi reglur gildi um dísilsendibifreiðar að öðru leyti en því sem a-liður 5. gr. frumvarpsins kveður á um. Eru því þyngdarmörkin færð úr 4 000 kg í 3 700 kg.

Að höfðu samráði við samtök leigubilstjóra þótti sanngjarnt að verða við þeim tilnæmum að eigendur dísilbifreiða, er væru minni en 3 700 kg að leyfðri heildarþyngd svo og eigendur dísilsendibifreiða í leiguakstri, gætu átt um það val hvort þeir greiddu tiltölulega hátt fast árgjald eða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra. Gildir sú skipan reyndar fyrir alla eigendur dísilbifreiða séu bifreiðar þeirra undir áðurnefndum þyngdarmörkum. Gert er þó ráð fyrir að heimild ráðherra til að ákveða aðra skipan mála verði þó haldið, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Breytingar sem með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði á núgildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar hafa að líkindum í för með sér tekjuauka er nemur 160 milljónum króna en talið er að skattlagning festi- og tengivagna hafi haft í för með sér 20 milljón króna tekjuauka.

Frumvarp þetta er í reynd frumvarp um breyting á lögum nr. 79/1974 og felur í sér efnisbreytingu á 5. gr. þeirra laga. Þar sem víða í lögum þeim er vitnað til ákvæða 5. gr. og breyta þurfti þeim tilvitnunum var horfið frá að flytja frumvarpið sem breytingartillögu, enda hefði hvort sem er þurft að fella breytingarnar inn í meginmál laga nr. 79/1974.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1., 2., 3. og 4. gr.

Greinarnar eru efnislega óbreyttar frá lögum nr. 79 6. sept. 1974.

Um 5. gr.

Skv. a-lið greinarinnar er gert ráð fyrir hækkun á árlegum þungaskatti dísilbifreiða, sem eru minna en 3 700 kg að leyfðri heildarþyngd, úr 42 000 kr. í 126 000 kr.

Þessi hækkun miðar að því að draga nokkuð úr þeim mikla mismun sem er á skattlagningu eldsneytis á bifreiðar, eftir því hvort um er að ræða bensín eða dísilolíu. Skattar sem lagðir eru á hvern bensínlítra nema nú 34,04 kr., þar af 16 kr. í vegasjóð, en einungis 6,91 kr. á hvern lítra dísilolíu og rennur ekkert af þeirri upphæð í vega-

sjóð. Greinin veitir þó eigendum bifreiða, er greiða eiga fast gjald, heimild til að óska eftir að greiða ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómetra, í stað hins fasta árgjalds, á sama hátt og um væri að ræða bifreið sem er 3 700 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

**Um 6. gr.**

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 79 6. september 1974.

**Um 7. gr.**

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því er lýtur að breytingum samfara breytingum á 5. gr.

**Um 8. gr.**

Gjalddagi þungaskatts hefur til þessa verið einn, þ. e. 1. janúar ár hvert. Með hækkun þungaskatts er gjalddögum fjölgað í tvo, þ. e. 1. janúar og 1. apríl. Þá eru í greininni ákvæði um hvernig hagað skuli skattheimtu ef eigandi eða umráðamaður bifreiðar kys að breyta um gjaldstofn eftir að gjaldár er hafið.

Þá er einfremur í greininni ákvæði um að bændur eigi rétt á endurgreiðslu á helmingi fastagjaldsins. Er það svo sem áður hefur verið. Rétt er þó að benda á að bændur geta óskað eftir að greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra sem aðrir, í stað hins fasta árgjalds.

**Um 9. gr.**

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 79/1974.

**Um 10. gr.**

Greinin er að efni til óbreytt frá lögum nr. 79/1974 nema í stað orðsins „bifreið“ kemur orðið „ökutæki.“

**Um 11. og 12. gr.**

Greinarnar eru óbreyttar frá lögum nr. 79/1974.

**Um 13. og 14. gr.**

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.